

Gleymir stund og stað

Í annasömu starfi sem húsasmiðameistari hefur Sigmundur V. Kjartansson fundið hugarró og slökun í bílskúrnum heima. Þar smíðar hann ýmislegt sem gleður augað, t.d. fallegar tréslaufur.

Starrí Freyr
Jónsson
starrif@frettabladid.is

Handavinnan hefur alltaf legið vel fyrir Sigmundi V. Kjartanssyni húsasmiðameistara sem segist snemma hafa byrjað að skera út og skapa ýmislegt með höndunum. „Ég var nokkuð uppátækjasamur sem barn á Flateyri en þaðan flutti ég í Kópavoginn tíu ára gamall. Þá urðu eðlilega miklar breytingar á lífi mínu og tíuveran minnkaði mjög. Það var á þessum tíma sem ég datt í útskurð og ýmsa handavinnu.“

Tréslaufurnar vekja athygli

Starf húsasmiðameistara er oft annasamt og því getur verið gott að gleyma stund og stað með góðu áhugamáli. Undanfarin ár hefur hann sinnt áhugamáli sínu í skúrnum heima á Álfanesi og á verkstæði sínu, en þar smíðar hann ýmsa fallega muni á borð við skálar, sleifar, kolla, trékúlur, gluggaskraut og svo tréslaufur sem hafa vakið athygli enda ekki á hverjum degi sem slaufur úr ólíkum viðartegundum eru seldar hér á landi. „Sonur minn vildi eignast tréslaufu og það mig um að



„Hugmyndirnar koma bara þegar ég byrja en þó er yfirleitt eitthvað sem blundar í kollinum á mér,“ segir Sigmundur V. Kjartansson.
MYND: EYÞOR

 

Í dag
kl 13:00 - 17:00

**Jóla- og
kökubasar
Hollvina
Grensáss**

Safnaðarheimilli Nes Kirkju við Hagatorg

Heitt kakó - vöffur m/rjóma
(frítt fyrir börnin)

Tertur - Jólaskraut - þrjónavörur
Happdrætti - Stórkostlegir vinningar -
Söngur á sviði



Slaufurnar eru í ýmsum litum og smíðaðar úr ólíkum viðartegundum. MYNDR: EYÞOR OG ÓLUNA RÖGNUMDÓTTIR

hjálpá sér við að smíða hana. Hann var ekki nógu sáttur við útkomuna í fyrstu þannig að við þróuðum hana saman. Því má segja þessar tréslaufur sem ég er að smíða í dag séu byggðar á hugmynd frá honum.“

Góðar viðtökur

Hann segist öðlast mikla hugarró og slökun á verkstæðinu við sköpun sína auk þess sem honum finnst einfaldlega gaman að búa til eitthvað sem gleður augað. Auk sonarins hafa önnur börn hans og barnabörn fengið tréslaufur að gjöf og vinir og aðrir ættingjar hafa fengið nokkur stykki. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar hjá vinum og ættingjum en hingað til hef ég litit verið að kynna þær og selja utan þeirra. Það er þó að breytast og nú langar mig að leyfa öðum að

“Viðtökurnar hafa verið mjög góðar hjá vinum og ættingjum en hingað til hef ég litit verið að kynna þær.”



njóta þeirra. Ég hef einnig smíðað hársþennur fyrir litlar dömur í ætinni úr hreindýrshorni.“

Nýtir afgangar

Efniviðurinn kemur úr öllum áttum að hans sögn, frá fjöru til fjalla. „Oft nýti ég afganga úr verkefnum sem ég er að vinna í og

einnig nýti ég afganga sem annars hefðu farið í eldivið. Hugmyndirnar koma bara þegar ég byrja en þó er yfirleitt eitthvað sem blundar í kollinum á mér áður.“

Seinna í þessum mánuði tekur hann þátt í sýningunni Handverk og hönnun sem haldin er árlega í Ráðhúsi Reykjavíkur. „Einnig verð ég á jólamarkaði í Norræna húsinu í upphafi desember og svo er að sjá hvernig gengur. Nýjasta hugmyndin er að smíða borðlampa úr maðkétnum rekaviði en hugmyndirnar eru í raun endalausar. Mestu skiptir þó að hafa eitthvað fyrir stafni á efri árum og hafa gaman af því.“

Hægt er að skoða úrvalið á Facebook-síðunni (svkehif) og Instagram (svk.ehf). Áhugasamir geta nálgast slaufurnar og aðrar vörur hans gegnum sömu samfélagsmiðla.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni lífandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook